



Ályktun um jafnréttismál

Áttunda þing Starfsgreinasambands Íslands lýsir yfir stuðning við vinnuskjal ASÍ og BSRB um sameiginleg viðbrögð heildarsamtaka launafólks við kynferðislegri áreitni og ofbeldi og þá stefnu og vinnu sem þar er mótuð með sérstaka áherslu á:

1. Þolendamiðað úrræði fyrir launafólk sem orðið hefur fyrir kynferðislegri áreitni/ofbeldi í vinnutengdu umhverfi. Heildarsamtökin stofni miðlæga móttöku og ráði sérfræðing með fagþekkingu í málaflokknum sem veitir þolanda áheyrn, stuðning og leiðsögn.
2. Sameiginlegt fagráð verkalýðshreyfingarinnar. Fagráðið sé samansett af formanni sem stendur utan hreyfingar ásamt fulltrúum heildarsamtakanna og taki á móti málum þar sem félagslega kjörnir fulltrúar eru gerendur meintrar kynferðislegrar áreitni/ofbeldi.
3. Þing Starfsgreinasambands Íslands hafnar með öllu kynferðislegri áreitni, ofbeldi verður aldrei umborið á vinnumarkaði. Stefnt verði að því að verkalýðshreyfingin verði leiðandi í baráttunni gegn ofbeldismenningu á vinnumarkaði, með áherslu á viðkvæma hópa.
4. Þing Starfsgreinasambands Íslands sendir afdráttarlaus skilaboð út í samfélagið um að kynferðisleg áreitni/ofbeldi líðist ekki innan raða verkalýðshreyfingarinnar og stofni sameiginlegt fagráð. Fagráðið vinni úr tilkynningum um meint brot félagslega kjörinna fulltrúa og setji þær í farveg. Það er engin ástæða til að ætla að þetta samfélagsmein eigi sér ekki stað í félagslegum samskiptum innan hreyfingarinnar líka eins og annars staðar.